

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Norðurþingi.

Fiskeldisstöðin Röndin á Kópaskeri.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 24. ágúst 2023 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöðina Röndina á Kópaskeri. Breytingin felur í sér að byggingarreitur A1 er breikkaður um 4 m og verður þar með 44 m breiður.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Húsavík, 18. september 2023.

Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. september 2023